

Hegðunarviðmið ÍSS

Iðkendum

- 1 Taktu þátt í íþróttinni á eigin forsendum
- 2 Gerðu ávallt þitt besta
- 3 Berðu virðingu fyrir öðrum og vertu heiðarlegur
- 4 Þekktu reglur og venjur íþróttarinnar sem og reglur ÍSS.
- 5 Hafðu heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðastu að taka áhættur sem geta haft áhrif á heilsu þína til framtíðar
- 6 Sýndu góða framkomu og mundu að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru
- 7 Komdu fram við aðra eins og þú vilt að sé komið fram við þig

Þjálfarar

- 1 Vertu iðkendum góð fyrirmynd og spornaðu gegn óíþróttamannslegri og niðurlægjandi hegðun
- 2 Komdu eins fram við alla iðkendum
- 3 Meðhöndlaðu alla iðkendum á einstaklingsgrunni og á þeirra forsendum
- 4 Gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska
- 5 Misnotaðu ekki stöðu þína og vald. Hvorki með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti
- 6 Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl
- 7 Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur, venjur og siði hennar

Stjórnarmenn og starfsmenn

- 1 Hafðu heiðarleika og góða framkomu að leiðarljósi. Vertu ávallt til fyrirmyndar er varðar hegðun og framkomu
- 2 Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatökur og haltu félagsmönnum vel upplýstum
- 3 Misnotaðu aldrei stöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri
- 4 Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og í samræmi við reglur og venjur skautaiþróttarinnar
- 5 Taktu aldrei við þóknun eða gjöfum frá þriðja aðila
- 6 Tjáðu þig aldrei við fjölmiðla um sambandið, iðkenur eða starfsmenn nema í samráði við stjórn ÍSS

Foreldrar og forráðamenn

- 1 Mundu að barnið þitt tekur þátt fyrir sig, ekki fyrir þig. Gættu þess að hvetja barnið þitt til þátttöku á eigin forsendum
- 2 Hrósaðu öllum iðkendum, ekki aðeins þínu barni
- 3 Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs
- 4 Sýndu þjálfurum og dómurum/tækniólki og ákvörðunum þeirra virðingu
- 5 Vertu iðkendum fyrirmynd og sýndu andstæðingum kurteisi
- 6 Spurðu iðkandann hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið

Dómarar og tæknifólk

1. Mismunaðu ekki aðilum
2. Sýndu ávallt fagmennsku í starfi
3. Þekktu reglur ÍSS og ISU og starfaðu eftir þeim
4. Tjáðu þig ekki um mál tengd mótum Skautasambandsins opinberlega. Það á líka við um samfélagsmiðla
5. Tjáðu þig ekki um skautatengd efni, iðkendur eða starfsmenn skautaíþróttarinnar opinberlega á þann hátt sem gæti varpað skugga á óhlutdrægni þína.
6. Gættu þess að láta ekki aðra hafa áhrif á dómgæslu þína né hafa áhrif á dómgæslu annarra
7. Taktu ávallt ábyrgð á ákvörðunum þínum
8. Leitaðu þekkingar og fylgstu með þróun íþróttarinnar
9. Misnotaðu aldrei stöðu þína sem dómari